

Safnar ferða- leiðum

Ómar Smári Kristinsson á Ísafirði hefur árabíl safnað ferðaleiðum.

— sjá bls. 16



Paradís Norðursins í Öfundarfirðinum

Ísafirðingurinn Sindri Páll Kjartansson er örverpi að eigin sögn, yngsti sonur sómahjónanna Kjartans Sigurjónssonar, fyrrum skólastjóra Gí og Bergljótar Sveinsdóttur. Sindri Páll er aðal framleiðandi kvikmyndarinnar „París Norðursins“ sem nú er í tókum á Flateyri. Sindri Páll segir frá kvikmyndinni og uppvextinum.



— sjá bls. 12 og 13.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 30. maí 2013 · 21. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



Vorverkin hafin!

LEIGUFÉLAG
VESTFJARÐA

Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband
sími: 456 6600



- HAMRAD GLER
- SPEGLAR
- SANDBLÁSÍÐ
- OG MARGT FLEIRA



ALLT
Í GLERI
SÍÐAN 1989

Íspan
GLER OG SPEGLAR

SMÍÐJUVEGI 7 • KÓPAVOGI • 54 54 300 • SENDUM UM ALLT LAND

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á EBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskíps á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngrófum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is



Sextíu og sjö nemendur útskrifuðust frá Menntaskólanum á Ísafirði á laugardag.



Bygging nýrrar að- veitustöðvar á Ísafirði

Útboð ISA-01

Landsnet og Orkubú Vestfjarða óska eftir tilboðum í jarðvinnu, byggingu og fullnaðarfrágang húss og lóðar fyrir nýtt tengivirki á Ísafirði í samræmi við útboðsgögn ISA-01.

Verkið felur í sér jarðvinnu og byggingu staðsteypts húss yfir rofabúnað, spenna og stjórnubúnað á einni hæð. Húsið verður í tveimur hlutum, rofasalur og spennahólf sem verða samtals um 300m² að grunnfleti og stjórnhluti sem verður um 70m² að grunnfleti.

Helstu verkliðir eru:

- Grafa fyrir og fylla að húsi, lögnum og plönnum.
- Leggja jarðskautskerfi í steypu og jörð.
- Steypa upp rofasal og spennahólf.
- Steypa upp stjórnhús.
- Leggja lagnakerfi.
- Fullnaðarfrágangur utan- og innanhúss.
- Frágangur lóðar.

Húsið skal vera tilbúið til uppsetningar á háspennu og stjórnubúnaði 15. febrúar 2014.

Verkinu skal að fullu lokið 30. júní 2014.

Útboðsgögn verða afhent á geisladiski í móttöku Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík og í móttöku Orkubús Vestfjarða, Stakkanesi 1, 400 Ísafirði frá og með miðvikudeginum 22. maí 2013.

Tilboðum skal skila til móttöku Landsnets, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík fyrir kl. 10:00 föstudaginn 7. júní 2013, þar sem þau verða opnuð, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sigmundur Ragnar dúx MÍ

Sextíu og sjö nemendur útskrifuðust frá Menntaskólanum á Ísafirði við hátíðlega athöfn í Ísafjarðarkirkju á laugardag. Auk 38 stúdenta af félagsfræði- og náttúrufræðibrautum, útskrifuðust fimm stálsmiðir, tólf vélstjórnar og fjórir sjúkraliðar. Átta stúlkur luku síðan diploma í förðunarfræðum. Við athöfnina flutti sönghópur MÍ nokkur lög og fjölmörg verðlaun voru afhent. Dúx skólans að þessu sinni var Sigmundur Ragnar Helgason, en hann fékk hæstu meðaleinkun sem hefur verið gefin á stúdentsprófi frá skólanum, 9,67, og Marelle Mäekalle, semi-dúx. Bæði útskrifuðust þau af náttúrufræðibraut en Marelle lauk náminu á þremur námsárum. Þau fengu einnig árangursverðlaun frá háskólunum, Marelle frá hugvísindasviði Háskóla Íslands en Sigmundur frá raungrainadeild Háskólans í Reykjavík.

„Mikilvægt er að Menntaskólinn á Ísafirði verði áfram öflugur og framsækinn framhaldsskóli sem getur boðið nemendum sínum upp á fjölbreytt námsframboð og ekki síst í verknámi. Hann hefur með ýmsum hætti mikil og jákvæð áhrif í samfélaginu. Hann



Dúx skólans að þessu sinni var Sigmundur Ragnar Helgason, en hann fékk hæstu meðaleinkun sem hefur verið gefin á stúdentsprófi frá skólanum, 9,67.

hefur spornað gegn fólksfækkun og atgerfisflotta og er mikilvægur í atvinnulífi fjórðungsins sem einn fjölmennasti vinnustaður á Vestfjörðum. Mikilvægt er að samfélagið hér standi vörð um Menntaskólann á Ísafirði og leggi sitt af mörkum til að styðja við

áframhaldandi uppbyggingu skólans,“ sagði Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari m.a. í ávarpi sínu.

Gauti Geirsson lauk A-námi vélstjórnar á einum vetri auk þess að útskrifast sem stúdent af náttúrufræðibraut eftir þriggja ára nám og hlaut hann bæði verðlaun Orkubús Vestfjarða fyrir framúrskarandi árangur í vélstjórnargreinum sem og verðlaun Ísfirðingafélagsins í Reykjavík. Gauti hlaut einnig verðlaun sem veitt eru til minningar um Jón Leós og hlotnast þeim nemanda sem hefur tekið mikinn þátt í félagsstörfum, sýnt lofsverða ástundun og framfarir í námi. Mimmo Ilvonen Árnason hlaut verðlaun Menntaskólans fyrir framúrskarandi árangur í sjúkraliðagreinum en Sigfús Róbert Sigfússon hlaut verðlaun Félags járníðnaðarmanna á Ísafirði fyrir framúrskarandi árangur í stálsmiðagreinum.



ÍSAFJARÐARBÆR

KYNNINGARFUNDUR

Kynningarfundur á umferðaröryggisáætlun Ísafjarðarbæjar, verður haldinn þriðjudaginn 4. júní kl. 20:00 á 4. hæð Stjórnarsýsluhússins á Ísafirði. Kaffi og meðlæti í boði.

RISA

TAX FREE ALLAR VÖRUR*

FIMMTUDAG TIL LAUGARDAGS

VIÐARVÖRN • MÁLNING • GARÐHÚSGÖGN • GARÐVERKFÆRI
REIÐHJÓL • GJAFAVÖRUR • POTTAPLÖNTUR • SLÁTTUVÉLAR
HEITIR POTTAR • HURÐIR • HREINLÆTISTÆKI • LEIKTÆKI
BLÓMAPOTTAR • PVOTTAVÉLAR • ELDAVÉLAR • LEIKFONG
GARÐSLÖNGUR • BLÖNDUNARTÆKI • TRÖPPUR • SKRÚFUR • RAFTÆKI
FESTINGAR • FLÍSAMÓÐUR • BÚSÁHÖLD • VERKFÆRI • PARKET • LJÓS
ÚTIVISTARFATNAÐUR • VINNUFATNAÐUR • BÍLAVÖRUR
... OG MIKLU MEIRA!

TVÖFALDUR TAXFREE
AFSLATTUR AF
SUMARBLÓMUM!

40,64%
afsláttur

*Gildir ekki af vörum í timbursölu
*Gildir ekki af Weber grillum
*Gildir ekki af lægsta lága verði
Húsasmiðjunnar og tilboðsvörum

Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum og 6,54% af matvörum.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til Ríkissjóðs.

blómaval



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Gaman að vera saman! Penninn Eymundsson og Síminn

Í tilefni þess að Penninn Eymundsson opnar endurbættu verslun ásamt því að hefja samstarf við Símann um þjónustu á svæðinu viljum við bjóða þér að gleðjast með okkur og þiggja léttar veitingar föstudaginn 31. maí frá kl. 14.00 - 18.00

20% afsláttur af öllum ferðatöskum og tuðrum



30% afsláttur af vinsæla

Pennapappírnum
500 blöð
í pakka. 5 pakkar
í einum kassa

Hoppukastali fyrir alla káta krakka

3 fyrir 2 af öllum erlendum tímaritum

Verið velkomin í verslun Pennans Eymundsson, Hafnarstræti 2 eða kynnið ykkur fjölbreytt úrval vara á hagstæðu verði á www.penninn.is

Penninn og Eymundsson um land allt.

Penninn
Hallarmúla 4
Sími: 540-2360
hallarmuli2@penninn.is

Penninn Ísafirði
Hafnarstræti 2
Sími: 456-3123
IS.afgr@penninn.is

Penninn Akureyri
Hafnarstræti 91-93
Sími: 540-2130
akureyri@penninn.is

Penninn Vestmannaeyjum
Faxastíg 36
Sími: 482-3683
vestmannaeyjar@penninn.is



Eymundsson



Til hamingju

Eymundsson með

glæsilega verslun!



.....
**Ráðgjafadagur
á Ísafirði**
.....

Komdu í nýja og glæsilega verslun Eymundsson föstudaginn **31. maí kl. 10-17** og fáðu aðstoð ráðgjafa Símans við síma- og netmálin þín. Við bjóðum upp á grillaðar pylsur frá kl. 14 og sláum á léttu strengi í tilefni dagsins.



.....
Nettenging hjá Símanum gefur þér möguleika á Sjónvarpi Símans og ævintýrlegu úrvali sjónvarps- og afþreyingarefnis.

Síminn



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
 Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamenn: Arnaldur Máni Finnsson, arnaldur@bb.is
 Hörður Andri Steingrímsson, hordur@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Hátíð í bæ

Bæjarbryggjan þar sem fyrrum strandferðaskipin lögðust að og fjölmenni var tíðum til að kveðja ættingja og vini, eða taka á móti þeim, var á sínum tíma nafli Ísafjarðar. Nú er hún grafin og gleymd líkt og Norðurtangabryggjan, sem Bolvíkingar og Djúpmenn nýttu þegar skroppið var í kaupstað, að ekki sé minnst á Torfnæs- Edinborgar- og Kompanibryggjunum, allt sögufrægar bryggjur við Pollinn.

Á þessum árum þegar fiskurinn í sjónum „átti sig sjálfur“ eins og einn af stórum útgerðarmönnum samtímans hefur orðað það, og engum kom annað til hugar en að yfrið nóg væri í djúpum hafsinum af öllum þeim fisktegundum sem höfuðsmiðurinn hafði í upphafi ætlað að þörf væri á, og hverjum og einum sem yfir bátsskel hafði að ráða var heimilt að sækja sér björg í bú, var oft líflegt um að litast við bryggjurnar. Skipafloki Ísafirðinga á þessum árum þótti tilkomumikill: Dísirnar, Birnirnar, Stjörnurarnar og Hugarnir svo samnefnið í bátaflotanum séu dregin fram, auk Gróttu og Richard. Glæstur floti, sem færði mikla björg í bú í sögufrægum útgerðarbæ.

Sjómannadagurinn er framundan. Dagurinn sem á þessum árum var meðal mestu hátíðisdaga þjóðarinnar. Sjómannadagurinn á Ísafirði var þar engin undantekning. Kór sjómanna söng við messu að morgni, dagurinn yfirfullur af alls kyns uppakomum og keppnum, og á kvöldvöku í Alþýðuhúsinu var sungið um bárunar smáu, þær beðnar að kyssa bátinn á fiskimiðunum og vorboðinn ljúfi síðan beðinn fyrir kveðju til engilsins heima, í peysunni með húfuna og rauða skúfinni.

En nú er Snorrabúð stekkur. Dísirnar, Birnirnar, Stjörnurarnar, Hugarnir, Richard og Gróttan heyrja sögunni til. Svo er einnig með „landmennina“ á Disunum, sem stóðu vaktina í beitingaskúrnum í Edinborgarhúsinu þar sem gamli kapteinninn, sem áður stóð í brúnni á togaranum Páli Pálssyni, Addi Kitta Gau, kemur til með að stýra sjómannadagsskemmtun á laugardag. Fer vel á því að þessi farsæli sjómaður til fjölda ára, skuli stíga á stökk í nýju hlutverki tengdu deginum sem sátt var um að tengja starfsheiti íslenskra sjómanna. Fullmettra gesta kapteinsins bíður síðan rútuferð á sjómannadansleik í Bolungarvík; nokkuð sem í eina tíð hefði verið talið áhættusamt.

En hvað sem öllu þessu líður, og þegar hér er komið lestri og auðséð að vangaveltur af þessu tagi eru úr takt við umgjörð sjómannadagsins á Ísafirði á því herrans ári 2013, þá er löggiltur frídagur sjómanna á sunnudaginn. Þess vegna sendir BB öllum sjómönnum, hvort heldur þeir tilheyra fjölskrúðugum hópi strandveidimanna, togarajaxla eða einhverra allt þar á milli og allt um kring, og fjölskyldum þeirra, kveðju í tilefndi dagsins. s.h.

Spurning vikunnar

Hyggur þú á fasteignakaup á næstu 6-12 mánuðum?

Alls svöruðu 539.

Já sögðu 54 eða 10%

Nei sögðu 437 eða 81%

Óvíst sögðu 48 eða 9%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Kæruferli vegna útboðs?

Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttalögmaður kannar þessa dagana möguleika á kæru vegna útboðs á almenningssamgöngum í Ísafjarðarbæ. Eigandi fjögurra fyrirtækja, Friðfinnur Sigurðsson á Þingeyri, sem lagði inn fjögur tilboð í verkið, hefur leitað til Sigurðar vegna þessa. Öll tilboð fyrirtækja Friðfins voru mun hærri en þau tvö sem bárust einnig vegna útboðsins. Að sögn Jóhanns Birkis Helgasonar, bæjar- tæknifræðings, er ljóst að eitt-hvað í þeim gögnum sem Sigurður hefur undir höndum, kunnir að vera óljóst en í einu og öllu hafi verið farið að lögum um opinbera stjórnsýslu og góða viðskiptahætti. Þess utan hefði líklega verið ódýrara fyrir sveitarfélagið að hefja almenningssamgöngur á eigin vegum en að ganga að tilboðum fyrirtækja Friðfins.

Af þeim gögnum sem blaðið hefur undir höndum má sjá að fyrirtækið Stjörnuþíllar hf., sem Trausti M. Ágústsson er í forsvari fyrir, fellur frá lægsta tilboði. Þá var gengið til samninga við þann aðila sem átti næst lægsta tilboð. Í bréfi Sigurðar G. Guðjónssonar til Ísafjarðarbæjar er gerð athugasemd við það að nafn fyrirtækisins og kennitala þess sem skrifar undir passi ekki. Lítur hann því svo á að samið hafi verið við aðila sem ekki gerði tilboð í verkið.

Keran St. Ólafsson hjá Akstur og trúss hf., sem gekk til samninga við Ísafjarðarbæ, bæði vegna almenningssamgangna og ferðaskiptahætti, vill ekki tjá sig efnislega um málið. „Það er alveg ljóst að það er öllum aðilum til hagsbóta að tilboðsgögnin séu birt. Þarna eru menn að gera veð-

ur út af smámunum og reyna að krefja bæinn um bætur eða eitt-hvað álíka. Það er engin ástæða til að ræða það,“ segir Keran. Ljóst er af tilboðsgögnum að í flestum tilfellum var nálægt helmingsmunur á tilboðunum og munar um 30 milljónum króna á lægsta tilboði Friðfins og því tilboði sem gengið var að og Keran stóð að.

Að sögn Jóhanns Birkis hefur almenn ánægja verið með störf þeirra aðila sem gengið var til samninga við. „Það er bara almenn ánægja, bæði með þátt skólasamgangna og almenningssleidda sem verktakinn hefur sinnt. Trausti hjá Stjörnuþíllum hefur séð um verkþætti í tilboði Kerans samkvæmt samningum sem þeir gerðu þar um og við sjáum ekkert athugasemdi við það hjá bænum.“

– arnaldur@bb.is

Húsasmiðjan leitar að byggingarlóð á Ísafirði

Danskir eigendur Húsasmiðjunnar komu til Ísafjarðar í síðustu viku ásamt Kristni Einarssyni, forstjóra fyrirtækisins. „Þeir voru að skoða aðstöðu Húsasmiðjunnar og Blómavals í fyrsta skipti og vildu strax setja af stað athugun á að finna lóð til að reisa nýja verslun þar sem allt er á einum stað. Þeir sýndu mikinn áhuga, leist vel á Ísafjörð og stöðuna hér og hafa trú á þessu hérna fyrir vestan,“ segir Kristinn.

Kristinn ók með eigendurna

um svæðið og skoðuðu þeir lóðir ásamt því að heimsækja minni byggðakjarna í nágrenni Ísafjarðar. „Það var gleðilegt að þeir sýndu áhuga á að finna nýja staðsetningu. Þeir vildu láta kanna möguleikann á að koma Húsasmiðjunni í nýtt húsnæði, hvort heldur að byggja nýtt eða finna hentugt hús sem er fyrir. Það var gaman að fá þá til Ísafjarðar í fyrsta sinn eftir að þeir keyptu fyrirtækið. Við þvældust um allt og þeim leist vel á andann og

huginn í fólkinu á Vestfjörðum. Það væri gaman að reisa Húsasmiðju og Blómaval með timbursölu undir einu þaki á Ísafirði, ekki þætti mér það leiðinlegt gamla Ísafirðingnum,“ segir Kristinn.

Nýlega var reist verslun í Vestmannaeyjum sem er 2000 fermetrar að stærð með timbursvæðinu úti og líkur eru á að sambærilegt hús yrði byggt hér ef farið verður út í slíkar framkvæmdir.

– hordur@bb.is

Samkaup

úrval

góðir grannar

Helgartilboð 31. maí - 2. júní

samkaupurval.is

31%
afsláttur

verð áður 3.298 kr/kg

2.276^{kr}_{kg}

Stórlúða 1. fl.
frosin



32%
afsláttur

verð áður 2.198 kr/kg

Kryddað
lambalæri

1.495^{kr}_{kg}

Ódýrt

verð áður 998 kr/kg

699^{kr}_{kg}

BBQ-kjúklingaleggir
frá ísfugli

...sjá uppskrift

„Bakaðar
kartöflur með
rósmaríni”

samkaupurval.is



verð áður 2.197 kr/kg

Úrvals lamba-
lærissneiðar

1.889^{kr}_{kg}

úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

Ódýrt

verð áður 359 kr/pk

269^{kr}_{pk}

Spergilkálsblanda 750g
frosin, frá Coop

50%
afsláttur

verð áður 235 kr/stk

118^{kr}_{stk}

Nýbakað á staðnum!
Hafrakökur

...sjá uppskrift

„Kryddsmjör
með beikoni
og fetaostur á
maísstangirnar”

Á gillið!

50%
afsláttur

verð áður 359 kr/pk

Maís 2 stk forsoðið

180^{kr}_{pk}

Skráðu þig á póstlistann á samkaupurval.is

Jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar í Ísafjarðarbæ

Mat á umhverfisáhrifum
– Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla Vegagerðarinnar er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar, www.skipulagsstofnun.is.

Skipulagsstofnun.

HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTFJARÐA

Starfsfólk í umönnun

Heilbrigðisstofnun Vestfjarða auglýsir lausar til umsóknar tvær 80% stöður starfsmanna við aðhlyningu á heimahjúkrunardeild HV. Um er að ræða sumarafleysingar frá 1. júlí og til septemberloka. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélags Vestfirðinga og stofnansamningi.

Nánari upplýsingar veitir Halldóra Hreinsdóttir, deildarstjóri í síma 456 4515. Umsóknum skal skilað á umsóknarblaði sem finna má á vefsíðu HV á vefslóðinni www.hvest.is.



Skrifstofurými til leigu

Hafnarstræti 1, 3. hæð í Stjórnsýsluhúsinu. Fastanúmer: 211-9617, 114,7m². Upphafleigu-tíma: Laust nú þegar.

Nánari upplýsingar gefur Fasteignasala Vestfjarða, sími 456 3244.



Magnús Hauksson.

Ísafjörður ber fjölda veitingastaða yfir sumartímamann

Fjölmarginir veitingastaðir eru starfræktir á Ísafirði yfir sumartímamann. Þar má nefna Tjörúhúsið, Húsið, Edinborg – Bistro Café Bar, Faktorshúsið, Hamraborg, Thai Koon, Hótel Ísafjörð, Kaffi Ísól og Bræðraborg. Einnig eru seldar máltíðir á Subway og í Krílinu. Þá bjóða Gamla bakaríð og Bakarinn upp á konditori. Magnús Hauksson, yfirkokkur hjá Tjörúhúsinu, segir að Ísafjörður beri vel svo marga veitingastaði yfir sumartímamann.

„Ég held að það sé alveg reytingur á öllum stöðum sem eru opnir á sumrin en það er ekki svona mikill markaður fyrir heilsársstaði. Þetta getur alveg gengið frá maí og út september, við þurfum ekki mikla aukingu á ferðamönnum til að það verði alveg yfirdrifið nóg að gera hjá öllum,“ segir hann. Magnús fagnar allri samkeppni og segir að því fleiri staðir sem eru í boði, því betra. Sérstaklega ef þeir eru góðir. „Það væri gaman ef Ísafjörður

gæti orðið þannig matarmeningarbær að fólk geri sér jafnvel far um að koma hingað til að fá gott að borða,“ segir hann.

Aðspurður um aðsóknina að Tjörúhúsinu á sumrin segir Magnús:

„Það eru miklar sveiflur milli daga og fólk veit að það er oft frekar mikið að gera. Í júní, júlí og ágúst er yfirleitt fullt á kvöldin. Það eru ekki það mörg sæti, eða um 50.“

– hordur@bb.is

Sjófarendur án FM-sendinga

Í kjölfar þess að mastur Ríkisútvarpsins á Þverfjalli, sem er í 750 metra hæð milli Skutulsfjarðar og Önundarfjarðar, lagðist á hliðina í fávíðri sem gekk yfir Vestfirði í lok janúar, var hafist handa við að tryggja FM-sendingar á þeim stöðum sem þá dattu út. Ríkisútvarpið færði síðan FM sendingarnar yfir á ljósflutning til endurvarpsstöðva sem staðsett eru á Kleifum í Súgandafirði og á Sandafelli í Dýrafirði en ekki hefur verið tekin ákvörðun um endanlega útfærslu FM-mála hjá Ríkisútvarpinu. Sam-

kvæmt upplýsingum blaðsins sakna margir sjófarendur þeirra FM-sendinga sem þeir gátu notið á miðunum á meðan mastrið stóð uppi á Þverfjalli. Þar nást ennþá sendingar á langbylgju Rásar 2.

„Það er ekki búið að taka ákvörðun um hvort þessi viðgerð er varanleg af okkar hálfu eða ekki. Það er þó ljóst að langbylgjusendingar sinna þeirri þjónustu sem er lögbundin skylda RÚV en það er leitt að heyra að FM-sendingarnar skuli ekki ná jafn langt og þær gerðu áður. Það var þó viðbúið miðað við þann

búnað sem nú er á Þverfjalli. Það var ekki búið að vekja máls á þessu við okkur,“ segir Eyjólfur Bjarnason, yfirmaður tæknimála hjá Ríkisútvarpinu.

Að sögn forsvarsmanna Ríkisútvarpsins hefur meginmálið þessi misserin verið að styrkja sendingar í lofti sem felast í staf-rænum útsendingum og eru vonir bundnar við að þegar á haustmánuðum verði eitthvað að fréttu af þeim málum. Vodafone sér um þjónustu við dreifingu á útsendingum Ríkisútvarpsins.

– arnaldur@bb.is

Heimilisköttur fannst skotinn

Heimilisköttur ungrar stúlku sem hafði verið týndur í þrjú daga, fannst dauður á hafnarvæðinu í Bolungarvík í síðustu viku. Kötturinn hafði verið skotinn. „Þetta var lítil snjóhvít læða með svörtum blett. Krakkar úr skólanum sáu köttinn í fjörinni og létu vita. Við fundum síðan köttinn og þá kom í ljós að á honum voru göt eftir skot,“ segir Reimar Vilmundarson í Bolungarvík en sjö ára gömul dóttir hans fékk föður sinn til að koma niður í fjöru til að

taka köttinn þar sem hún þorði ekki að taka hann sjálf.

„Stelpunni leið illa yfir því að kötturinn hafi verið skotinn og það innanþegar í Bolungarvík. Hún er sjö ára gömul og hafði átt köttinn í á annað ár. Hún hafði fyrst farið sjálf að gá að kettinum í fjörinni en hún þorði ekki að taka hann svo hún hringdi í mig,“ segir Reimar.

„Krackar sáu mann skjóta í fjörinni en hann var að veiða mink. Hann fullyrðir að hann hafi

ekki skotið köttinn. Það eina sem ég veit er að það sást til hans skjóta þarna. Kötturinn týndist sama dag og hann var að veiða. Ég sé engan tilgang í að kæra þetta. Ég get ekkert sannað, það eina sem ég veit er að það eru kúlugöt á kettinum. Það leiðinlegasta er að það hafi ekki einhver viðurkennt að hafa gert þetta í ógáti. Það sem maður horfir helst á er að sá sem gerði þetta gæti beðið hana afsökunar,“ segir Reimar.

– hordur@bb.is



Njóttu
Coke með...



Opnaðu hamingju  #njottu**Coke**

Coca-Cola, the Contour Bottle and the Dynamic Ribbon are registered trademarks of The Coca-Cola Company.



Uppbygging á Torfnesi á viðræðustigi

„Framkvæmdirnar á Torfnesi hljóða í mesta lagi upp á sjö milljónir króna á þessu ári. Það er því af og frá að Ísafjarðarbær sé að fara veita 64 milljónum króna í framkvæmdir við Torfnesvöll, eins og einhverjir virðast hafa haldið,“ segir Pétur Georg Markan, framkvæmdastjóri Héraðssambands Vestfirðinga. Miskilninginn má rekja til þess að knattspyrnufélagið BÍ88 sendi

inn erindi til bæjarráðs þar sem farið var fram á viðræður við sveitarfélagið með það að augnamiði að gera knattspyrnuvöllinn leyfishæfan.

„Með erindinu fylgdi kostnaðaráætlun, unnin af Verkís, þar sem settar voru fram kostnaðarhugmyndir, eftir því hversu langt yrði farið í framkvæmdum. Efri mörk kostnaðaráætlunarinnar hljóðaði upp á 64 milljónir króna.

Í erindinu kom einnig fram að knattspyrnufélagið byðist til að vinna verkið fyrir talsvert lægri fjárhæð, eða rúmar fjörutfu milljónir króna, þ.e. fullklárað svæði miðað við efri mörg áætlunarinnar. Málið er í farvegi viðræðna, tillagna og samninga sem síðan, ef guð lofar, skilar niðurstöðu sem allir geta unað sáttir við,“ segir Pétur.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur

tekið erindið fyrir. Á fundi bæjarráðs kom fram að heildarkostnaður ársins væri í kringum sjö milljónir króna en á næstu árum er kostnaðurinn áætlaður um 27 milljónir króna, þ.e. til að gera völlum leyfishæfan. „Við þetta er svo að bæta að í gangi er heilmikið og metnaðarfull vinna sem íþrótt- og tólmundaráð heldur utan um. Nefndin er að vinna stefnumótandi tillögur að

heildaruppbyggingu íþróttamannvirkja á Torfnesi sem HSV hefur miklar væntingar til. HSV kemur að þessari vinnu og mun kappkosta að breið sátt náist um uppbygginguna, hún munu nýttast öllum bæjarbúum og að hún verði bæjarprýði, jafnt fyrir þá sem búa hér og þá sem sækja bæinn heim,“ segir Pétur Georg Markan.

– arnaldur@bb.is

Straumleysi mest á Vestfjörðum

„Það kemur Vestfirðingum vissulega ekkert á óvart þó ég tilkynni það hér með að straumleysi er mest á Vestfjörðum, á öllu starfssvæði Landsnets,“ sagði Þórður Guðmundsson forstjóri Landsnets, raforkudreifingar ríkisins, á opnum ársfundi Orkubús Vestfjarða á dögunum. Í erindi sínu fjallaði Þórður um ástæður þess, en meginástæðan

er sú að raforkuvinnslan innan fjórðungsins annar ekki forgangsorkuþörfinni. Hann spurði gesti fundarins meðal annars þeirrar spurningar, hversu hagkvæmir virkjanakostir þyrftu að vera til þess teljast hagkvæmir. Hann sagði jafnframt að á landsvæðum þar sem aðstæður biðu ekki upp á hagkvæmstu leiðir yrði bara að kosta meiru til.

„Til að taka skrefið inn í 21. öldina þyrfti raforkukerfi Vestfjarða á 6 mW raforkuvirkjun að halda til að tryggja raforkuöryggi á Vestfjörðum.“ Þórður sagði að af öllu dreifikerfi landsins væri bilanatíðni á Vestfjörðum langmest, það væri eitt allra mikilvægasta verkefni Landsnets á þessu ári að koma í veg fyrir að ástand skapaðist eins og átti sér

stað síðastliðinn vetur. Flestar truflanir hafa orðið á raflínunni til Tálknafjarðar. Þórður sagði í erindi sínu að fá svæði á landinu væru jafn erfið til reksturs háspennulína eins og Vestfirðir.

„Það er bráð nauðsynlegt að hefja enduruppbyggingu kerfisins og má ekki tefjast lengur,“ sagði Þórður en á meðal fyrirætlana Landsnets er að koma sterku

raforkuneti í jörð á næsta áratug. Tengivirki í Bolungarvík og á Ísafirði eru meðal þeirra verkefna sem fyrirhuguð eru á þessu ári en endurbætur á Tálknafjarðarlínu hafa staðið yfir. Þar hefur einangrun verið bætt og staurastæður styrktar. Hluti Ísafjarðarlínu I verður settur í jörð í Breiðadal en framkvæmdir tengdar þeirri áætlun verða á árunum 2014-2015.

Daglegt amstur þjóðar og samgöngur

Ríkisstjórnin er tekin til starfa. Það fór líkt og búast mátti við. Einar K Guðfinnsson, einn reyndasti alþingismaðurinn í stjórnarliðinu og fyrirverandi ráðherra, varð ekki slíkur. Þar hefði hann sómt sér vel. En sennilega er það tímanná tákni að hann sé orðinn hinn eldri virðulegi þingmaður. Reynsla hans mun nýttast vel í embætti forseta Alþingis. Einar er mannasættir og hefur ýmislegt reynt í stjórnáttum. Þar fer farsæll maður í virðulegu og afar mikilvægu starfi, sem getur ráðið miklu um breytta mynd og virðingu Alþingis á næstu árum.

Ríkisstjórnin á mikið starf fyrir höndum að leysa vanda heimilanna. Verðbólga síðustu ára, 2006 til 2011, er talin 36%. Til samanburðar var verðbólga ársins 1982 rúm 50%, ársins 1983 84,3% og ársins 1984 ríflega 50%. Á þessum árum var ekki gripið til neinna sérstakra ráða til hjálpar húsbýggjendum. Þess má þó geta að vísitölutenging launa var afnumin undir mitt ár 1983, þótt lánskjaravísitala æddi áfram. Til að bæta gráu ofan á svart voru launahækkanir bannaðar með lögum. Margir áttu þá bág og nutu engrar hjálpar, misstu húsnæði sitt og sumir sjálfsvirðinguna. Þetta er liðin tíð. Gott er þó að rífa hana upp, því baslið var erfitt, ekki síður en nú, ef til vill enn erfiðara. En loforðin

voru engin.

Nú bíða einnig önnur verkefni, sem snúa að öllum Vestfirðingum. Vegtenging við og um Vestfirði í Barðastrandarsýslu, er þungur vandi. Í stað þess að fara einföldustu og ódýrustu leiðina í austur sýslunni er stefnan en sú, að verja torfengu vegafé í jarðgöng, sem eru ekki nauðsynleg, beiti menn skynsemi á annað borð og láti hagsmuni heildarinnar ráða meiru en sérhagsmunum örfárra. Tré eru falleg, en eiga þau að ráða því hvort auka megi velferð íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum? Þeirri spurningu verður að svara á næstunni. Mörgum þykir skjóta skökku við að afstaða örfárra til lágvaxins skógargróðurs kosti stórfé og jafnvel lengri vegi. Búseta á Íslandi hefur alltaf kostað einhverjar fórnir. Öllu skiptir hins vegar að skynsemi sé með í för og að tillit sé tekið til hagsmuna fjöldans.

Nú blasa við vandamál í Kjálkafirði og sýnast þau ekki auðleyst. Þegar eru ferðaþjónar farnir að kvarta yfir því að áhrifin séu slæm fyrir ferðaþjónustu. Það er skondið að hugsa til þess að þeir sem ætla Íslendingum að lifa af ferðaþjónustu vilji ekki taka mið af hagsmunum hennar. Það er þannig í daglegu amstri Íslendinga að til margra hluta er að líta. En láglendisvegir eru hinum betri.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málfeðnum hafa oft verið umdeildar og vakja umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



wise
- snjallar lausnir



hvert er þitt hlutverk?



*Wise sérhæfir sig í viðskiptalausnum,
sem einfalda þér þitt hlutverk.*

Wise - snjallar lausnir



Borgartún 26, Reykjavík » Hafnarstræti 102, Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » www.wise.is



Microsoft
Dynamics™ NAV

Microsoft Partner

Gold Enterprise Resource Planning
Silver Independent Software Vendor (ISV)



París Norðursins í Önundar- firðinum

Sindri Páll Kjartansson er örverpi að eigin sögn, yngsti sonur sómahjónanna Kjartans Sigurjónssonar, fyrrum skólastjóra Gagnfræðaskóla Ísafjarðar, og Bergljótar Svanhildar Sveinsdóttur, sem vann lengst af á Bæjarskrifstofum Ísafjarðar. Bæði voru þau áberandi í menningarlífi bæjarins. Sindri ólst upp til tíu ára aldurs við Seljalandsveg á Ísafirði og minnst æskuáranna sem sælufíma við ísfirska hámenningu, þar sem ekkert hafi verið athugavert við að vera heimakær pabbastrákur. Þegar hann aftur á móti flutti í Kópavog ásamt fjölskyldunni árið 1985 hafi engin ráð dugað til að afla sér vina og vinsælda önnur en að gerast villingur.

„Maður hætti bara alveg að hugsa um hestana sem höfðu verið helsta tómstundagamanið með pabba á Ísafirði og fékk sér skellinöðru til að fitta inn. Og svo fluttu eldri bræður mínir auðvitað líka og þó að Sveinn, sem er tólf árum eldri, hafi verið í lagi, þá var Sigurjón bróðir minn alveg óþolandi,“ segir Sindri og hlær. Hann hefur verið viðloðandi afþreyingar- og skemmtanaiðnað síðastliðin 20 ár, og er nú staddur á heimaslóðum. Ástæðan er sú, að hann er aðalframleiðandi kvikmyndarinnar „París Norðursins“ sem nú er í upp-tökum á Flateyri (nafninu var nýlega breytt).

Púki á Seljalandsveginum

„Maður var bara einn af þessum Ísafjarðarpúkum og það mótar mann fyrir lífstíð. Mamma á sínar ættir að rekja bæði til Önundarfjarðar

og í Arnarfjörðinn og þau hafa átt sumarhús í Súðavík síðustu ár. Þangað hefur verið óskaplega gott að sækja, auk þess sem margir af mínum vinum, sem einnig tengjast þessari kvikmynd, hafa verið að koma sér fyrir á Flateyri. Og maður fyllist mikilli orku hér, það er gott að vinna hér að verkefnum eins og þeim sem við vinnum nú að. Hér er fókuserað andrúmsloft. Það eru allir á sama stað og góð tenging manna á millum svo maður getur gert ráð fyrir ákveðnum „hámarksárangri“.

Að vinna eitt svona verkefni á stað eins og þessum gefur manni þannig heilmikið þó það taki á. Eins og ég vinn, þar sem er alltaf mikið að gera, þá veit ég að maður getur lagt harðar að sér og hefur meiri orku á svona stað. Það er staðreynd. Og venjulega, þegar maður keyrir héðan og kemur til borgarinnar, þá hugsar maður alltaf á sömu nótum: Hvað er ég að gera hingað? En svarið er svosum ofur einfalt og alltaf það sama: Það er bara vinnan sem kallar.“

Þó að Sindra sé mikilvægt að „vera að vestan“ hafa rætur hans einnig mótast í öðru umhverfi landsbyggðarinnar sem hann ræktaði einnig á unglingsárunum.

„Ég sótti samt sem áður mjög í sveit þó ég væri orðinn villingur í bænum, ég gat ekki sótt vestur á sama hátt og margir sem flytja en eiga hér fjölskyldu áfram. En þangað sem ég komst, þangað fór ég og undi mér sérstaklega vel, á Gilsbakka í Hvítársíðu. Þar var ég hjá Önnu Brynjólfsdóttur fyrst en

síðan syni hennar Magnúsi Sigurðssyni og konu hans Rannveigu Kristófersdóttur. Átján ára gamall dvaldi ég svo sem vetrarmaður hjá þriðja ættliðnum, Ólafi Magnússyni. Þarna dvaldi ég sem sagt sex sumur alls, og svo sjöunda sumarið í fyrri þar sem við tókum upp myndina Hross í leikstjórn Benedikts Erlingssonar. Hún verður frum-sýnd á næstu misserum.“

„París Norðursins í tókum“

Þegar talið berst að kvikmyndaverkefninu á Flateyri segir Sindri marga fleti vera á því sem áhugavert sé að ræða. Bæði höfundur handritsins og leikstjóri myndarinnar séu spennandi listamenn sem áhugavert sé að vinna með, en einnig andrúmsloftið sem sé verið að reyna að skapa. „Það er einhver sérstakur galdur við Flateyri, og þó þessi saga sé ekki um Flateyri eða ákveðna Flateyringa, þá er hún einhvern veginn mjög flateyrísk.“

„Þetta er auðvitað sjálfstæð saga sem gæti gerst í hvaða þorpi sem er. Þetta er svona dramatísk kómedía, saga af manni sem stendur á tímamótum í lífinu þegar faðir sem hann hefur lífið samband haft við í gegnum

árin birtist óvænt í þorpinu þar sem hann er kennari í grunnskóla. Þetta er mjög fínt handrit og við eigum eftir að gera góða mynd úr því, það er ég viss um, eins og karl faðir minn hefði sagt,“ segir Sindri og gerir góðlátlegt grín að málrómi föður síns, en kvikmyndaframtækið Kjartansson sem framleiðir myndina er einmitt nefnt svo honum til heiðurs.

Mynd númer tvö fyrir vestan

Huldar Breiðfjörð er höfundur handritsins en hann er Ísafirðingur og Flateyringur að góðu kunnur og starfaði á Bæjarins besta um tíma. Hafsteinn Gunnar Sigurðsson leikstjóri myndinni, en meðal verka hans er „Á annan veg“ sem tekin var upp á Dynjandisheiði fyrir tveimur árum. Sindri var og framleiðandi þeirrar myndar.

„Okkur finnst alveg einstaklega gaman að gera bíómyndir hér fyrir vestan, vegna þess að það er svo gott að vera hér. Ég og við allir sem stöndum hvað þéttast að myndinni höfum sótt mikið hingað og ræktað okkar vestfirsku strengi. Þetta er lágstemmd drama-kómedía, eins og Huldar kannski stendur fyrir í litrófi íslenskrar kvik-

myndagerðar.

Þeir Haddi og Huldar hafa gert stuttmynd saman áður, Skröltorma, en í raun er ekki hægt að líkja henni saman við þessa. Þeir voru samtíða í kvikmyndagerðarnámi í New York, Haddi í Columbia en Huldar í New York háskólanum. Skröltormar fjallar um mann sem kaupir sér kúreka-stígvél. Hann er að takast á við karlmennsku sína og það að verða gamall. Jóhann Sigurðarson leikur mann sem tekur nýja stefnu í lífinu og verður fyrir fordómum þess vegna. Þessi mynd fjallar líka um karlmennsku á einhvern hátt en meira á þennan látlausu hátt sem læðist aftan að manni.“

Alkóhólískur veruleiki

„Íslenskur veruleiki er ofboðslega markeraður af meðvitundinni um alkóhólisma og þess vegna má segja að myndin sé afskaplega íslensk. En um leið er alkóhólismi auðvitað algjörlega alþjóðlegt fyrirbæri. Við könnumst örugglega öll við einhverja feðga, sem eru þessi blanda af virkum og óvirkum misbrotnum einstaklingum sem þurfa að gera upp sín mál. Við unnum fyrst saman í stuttmyndinni Skröltormum og þar byrjaði dúa-

lógurinn okkar á milli sem hefur haldist æ síðan. Við erum helvíti gott teymi, þó ég segi sjálfur frá. Ég held að þetta sé gott teymi sem hefur húnur, um leið og við viljum segja sögur sem skipta máli. Myndin er nær því að vera kómísk samt heldur en að dramað drífi hana áfram.

Þessi mynd hefur verið á teikniborðinu í þrjú ár. Huldar er mjög klár handritshöfundur og hefur skýra frumlega sýn – hann er naskur á að fá fólk til að hlæja að hlutum sem virðast samt þannig séð fullkomlega eðlilegir. Og þann hæfileika hafa bara góðir sögumenn. Það er erfitt að benda á hliðstæður eða áhrifavalda í hans tilviki, og kannski bara er það erfitt hvað varðar vini sína og samstarfsmenn. En það er alveg hægt að taka undir það að viðfangsefninu svipar til höfunda eins og Hal Hartleys þar sem verið er að takast á við krísu karlmannna, spurningar um karlmenskuna og það að sýna tilfinningar.“

Forréttindi að vinna við bíómyndir

„Það eru forréttindi að fá að vinna við eitthvað sem maður hefur jafngaman af eins og að gera bíómyndir. Í þeim iðnaði getur maður lát-

ið sig dreyma um að hafa ekki bara áhrif á áhorfendur heldur líka samfélagið þar sem maður er að vinna á hverjum tíma. Það er gaman að finna fyrir þessu góða andrúmslofti sem mætir okkur á Flateyri núna á fyrstu dögnum í tókum. Svo ég tali nú ekki um þessa skemmtilegu kvikmyndaárið sem var að klárast á Ísafirði og stemninguna í kringum Skjaldborg sem er orðin að árvissum viðburði.

Reynsla okkar af því að taka upp fyrri mynd Hafsteins Gunnars sem ég framleiddi líka, Á annan veg, sem var tekin upp á Dynjandisheiði, var líka bara fín. Maður elur á þessu drauma um að halda áfram að geta unnið hér fyrir vestan. Það væri náttúrulega óskastaða að hér fyrir vestan væri blómlegur iðnaður í kringum sjónvarpsþáttagerð og kvikmyndir. Þarf ekki bara vestfirskan nýsköpunarráðherra eða eitthvað svoleiðis í það?“

Eins og áður hefur komið fram í Bæjarins besta eru aðalleikarar myndarinnar þeir Björn Thors og Helgi Björnsson, en með önnur veigamikil hlutverk fara Nanna Kristín Magnúsdóttir, Sigurður Skúla-son og Jón Páll Eyjólfsson.

– arnaldur@bb.is



Sjálfbær nýting náttúruauðlinda

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra árnaðaróskir á sjómannadaginn.



HRAÐFRYSTIHÚSIÐ - GUNNVÖR HF.
Hnífsdalsbryggju, 410 Hnífsdal • Sími: 450 4600 • Veffang: www.frosti.is



Helga leiðir gesti um Ísafjarðar í anda ársins 1893.

Ísafjörður árið 1893

„Við erum mjög heppin með bæinn okkar að hér sé kjarni bæjarins mjög heill og hápunktur

smáar

Óska eftir lítilli íbúð á leigu á Ísafirði eða nágrenni. Uppl. í síma 618 4840.

Óska eftir húsnæði til leigu sem fyrst fyrir 5 manna fjölskyldu á Ísafirði. Uppl. gefa Alda í síma 866 5301 og Magnús, 892 6212.

Skúlamálanna hafi átt sér stað á þessum tíma. Þetta er mjög spennandi söguefni,“ segir Helga Hausner sem er einn þeirra Ísafirðinga sem taka á móti ferðamönnum á sumrin og þjónustarfarþega skemmtiferðaskipa sem senn fara að streyma til bæjarins. Helga leikur fiskverkunarkonu sem vinnur á fiskrei Ásgeirsverslunar en bregður sér frá vinnu í Neðstakaupstað til að fara með ferðamenn í göngu um bæinn. Að sögn Helgu er hugmyndin á

bakvið ferðina sú að skýra út hvernig bæjarmyndin var og hvernig lífshættir voru hér fyrir um það bil hundrað árum, stóru hundraði ára (120 árum) síðan. „Með þessu er verið að setja fólk inn í þessa hluti á rauntíma en ég skýri meðal annars út nöfn og örnefni á Eyrinni sem tengjast þeim tíma. Hversvegna Silfurtorg heitir Silfurtorg, og svo framvegis. Megin línan í þessari ferð er gamli bærinn, Miðkaupstaður, Neðstikaupstaður og Hæstikaup-

staður en á endanum er farið upp Hafnarstrætið og horft yfir Eyrina.“

Skúlamálin leika hlutverk í leiðsögn Helgu en hápunktur þeirra átti sér stað árið 1892. Skúli Thoroddsen og Þorvaldur lækni Jónsson voru aðalpersónurnar í því máli en fróðleik um það mál og stemninguna á Ísafirði í kjölfarið er miðlað á ensku, þýsku og íslensku á vegum Ísafjörður Guide þjónustu Helgu en þessi nýungagjarni námsráðgjafi

og leikskólakennari vinnur einnig fyrir Vesturferðir. Í ferðum eins og Helga býður upp á er fjallað um hjátrú jafnt sem uppgang lífs og atvinnuvega á Ísafirði í árdaga tæknialdar. Mikið er fjallað um þau umskipti sem urðu á lífsháttum fólks þegar sókn fólks úr sveitum til sjávarplássu eins og Ísafjarðar varð viðtekin kostur hjá fátæku fólki sem vildu freista gæfunnar á nýjum vettvangi eftir að lögum um vistarbandið var slitið. – arnaldur@bb.is

Sælkeri vikunnar er Jóhanna Jóhannesdóttir á Ísafirði

Kínverskar pönnukökur og granateplaís

Þessar pönnukökur kaupi ég á NINGS í Reykjavík. Þetta er fljótlegt og einfalt þegar tímahrakið er mikið.

Kínverskar pönnukökur

- 1 önd
- 1/2 agúrka
- 6 vorlaurkar
- 1 krukka Hoisin sósa

Setjið snyrta öndina á grind ofan í steikarpott og inn í ofn steikið í 4 tíma á 170 ° C.

Hitinn hækkaður í 220°C síðasta hálf tímann. Skerið agúrkuna og vorlaurkinn í ræmur. Takið öndina úr ofninum og hlutið hana í sundur með 2 göflum og berið hana fram með sósunni, pönnukökunum og grænmetinu þannig að allir geti útbúið sína eigin pönnuköku. Það er einnig tilvalið að nota kjúkling í þennan rétt.

Granateplaís (fyrir 8)

- 2 Granatepli
- 1 lífmóna

- 175 g Flórsykur
- 500 ml rjómi

Kreistið safann úr ávöxtunum og sigtið í skál. Hrærið flórsykri út í. Þeytið rjómann og blandið saman við. Frystið. Skreytið ísinn með fræjum áður en hann er borinn fram.

Ég skora á Pál Janus Hilmarsson og Elísu Stefánsdóttur til að koma með næstu uppskrift.





Háskóla
Vestfirðna
University Centre
of the Westfjords



SJÁVARTENGD NÝSKÖPUN

Hagnýtt meistaranám

Hagnýtt einstaklingsmiðað meistaranám sem býr nemendur undir að skapa sér sín eigin atvinnutækifæri.

Sjávartengd nýsköpun er vítt skilgreind, enda á hún sér stað í fjölmörgum greinum: Sjávarútvegi og eldi, matvælaframleiðslu, í tækni- og orkugeiranum, en ekki síður í ferðamennsku, menningu og fleiru.

Fyrri umsóknarfrestur 5. júní 2013
Síðari umsóknarfrestur 15. október 2013

Að námi loknu eru nemendur vel í stakk búnir til að koma sínum eigin hugmyndum í framkvæmd, en sú þjálfun sem nemendur öðlast í náminu nýtist einnig víða annars staðar í atvinnulífinu, til dæmis í allri verkefnisstjórnun. Námið er því góður undirbúningur fyrir síbreytilegan vinnumarkað sem gerir kröfur um sjálfstæð vinnubrögð og hugmyndaauði.

Í samstarfi við:



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

450 3040 | www.UWestfjords.is | nyskopun@UWestfjords.is

Nánari upplýsingar á www.UWestfjords.is

Rubelli
Passionately
in Motion

RISAÚTSALA!

Okkar besti hægindastóll á verði sem hefur ekki sést á Íslandi í mörg ár!

Rubelli 9332 H
með svifruggu, snúning,
gormasæti og frábærum bakstuðningi

3 leðurlitir
5 taulitir



þú sparar
40.000



Alklæddur nautsleðri!

verð áður 139.000

tilboðsverð
99.000



þú sparar
20.000



Í slitsterku áklæði!

verð áður 89.000

tilboðsverð
69.000

innlit
H Ú S G Ö G N
eru tilbúðarprýði

Ármúla 5 108 Reykjavík sími 544 8181 www.innlit.is



Ómar Smári Kristinsson safnar ferðaleiðum

Hvað er safnið stórt?

Safnið spannar Ísland allt.

Hvencær byrjaðir þú að safna?

Pegar ég byrjaði að ferðast upp á eigin spýtur. En meðvit-uð skráning hófst löngu síðar. Núverandi form er líklega 7 ára gamalt.

Hver var ástæðan fyrir því að þú byrjaðir á þessu?

Tvær ástæður, að ég held: Mér finnst gaman að ferðast og ég hef tilhneigingu til að skrásetja. Svo finnst mér ógurlega gaman að sjá myndina sem ég dreg á kortið stækka og breytast.

Hvað veldur því að fólk fer að safna að þínu mati?

Fólk er safnarar í eðli sínu. Þegar neyðin knýr það ekki

lengur til að safna matvæl-um og eldsneyti, fer það að safna dóti og hugmyndum.

Getur þú nefnt nokkra muni sem eiga sér sérstaka eða óvenjulega sögu?

Sumar ferðanna eru sannarlega eftirminnilegri en aðrar, einkum ef ég hef lent í háska eða hrakningum.

Hefur þú skrásett munina á einhvern hátt?

Safnið tekur fyrst á sig mynd við skrásetninguna. Myndin sem ég dreg á kortið er í þremur litum: grænt fyrir gengnar leiðir, gult fyrir hjóla-leiðir og fjólublátt fyrir eknar leiðir.

Veist þú um einhverja fleiri sem eiga áþekkt safn?

Fjöldi fólks skráir leiðir sínar á kort og margir hverjir nota mismunandi tákni fyrir mismunandi ferðamáta. Það er hinsvegar oftast bundið ákveðnum ferðalögum. Þeir eru trúlega ekki margir sem miða safn sitt við heilt land og heila mannsævi.

Hvernig nýtir þú safnið?

Safnið nýti ég til að skemmta sjálfum mér, en þó kannski aðallega til að ferðast í huganum, því teikningin er net minninga.

Eru einhverjir aðrir en þú sem hafa aðgang að því?

Nei, en ef einhver vill skoða, þá er það sjálfsagt mál.

Hvernig sérðu það fyrir sér þróast í framtíðinni?

Það fer eftir því hve duglegur ég verð að ferðast. Sérstaklega vona ég að net gula litarins verði víðfeðmt og þétt, því mig fýsir að hjóla um land allt, bæði sem hjóla-bókarhöfundur og sem flæk-ingur. Teikningar - ein saga eða hugmynd á dag.

Hvað er safnið stórt?

Rúm fimm ár og tæpar 17 bækur.

Hvencær byrjaðir þú að safna?

25. apríl 2004.

Hver var ástæðan fyrir því að þú byrjaðir á þessu?

Kannski þessi tilvitnun í fyrstu söguna svari einhverju: „Ég geri mér háar hugmyndir um þessa bók. Ég fylli hana af hugmyndaauðgi og sköpunarkrafti, sem ásamt góðri

ástundun gera mig að einum af heimsins bestu teikni-myndasögugerðarmönnum - eða hún verður minnismerki um tímabil bjartsýnisflipp-arans“. En sannasta svarið held ég samt að sé það að svona ástundun sé andlegt trimm og viðhald teiknikunn-áttu, sbr. líkamsrækt.

Hvað veldur því að fólk fer að safna að þínu mati?

Fólk er safnarar í eðli sínu. Þegar neyðin knýr það ekki lengur til að safna matvæl-um og eldsneyti, fer það að safna dóti og hugmyndum.

Getur þú nefnt nokkra muni sem eiga sér sérstaka eða óvenjulega sögu?

Sögurnar tókust misvel. Fyrsta sagan var manifesto. Bestu sögurnar urðu til í Æðey, því þar hafði ég mestan tíma til að hugsa, teikna og skrifa. Ein af upphaldssögnum mínum er svona: Tvær barnalega teiknaðar figúrur tala saman: „Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?“ „Móna Lísu, en þú?“ „Æ, ég veit það ekki. En pabbi er alltaf að segja að ef ég verði ekki duglegur, verði ég eitt-hvað eftir Picasso.“

Hefur þú skrásett munina á einhvern hátt?

Safnið er skrásetning. Mín söfn eru skrásetningar. Það er mjög hentugt, því það fer lítið fyrir þeim.

Veist þú um einhverja fleiri sem eiga áþekkt safn?

Fjöldi fólks heldur sér í formi með reglulegri þjálfun á öllum mögulegum sviðum. Það er góð regla, sem ég held að margir myndlistar-menn fylgi, að skilja skissu-blokkina aldrei við sig. Svo safnast þessar bækur upp eins og dagbækur. Þetta eru líka nokkurs konar dagbæk-ur.

Hvernig nýtir þú safnið?

Þegar ég fyllist örævntingu yfir andleysi mínu og gefu-leysi, þá blaða ég í bókunum og sé að ég get víst eitthvað - eða gat, að minnst kosti.

Eru einhverjir aðrir en þú sem hafa aðgang að því?

Stundum sýni ég gestum eitthvað til að monta mig. Um þessar mundir sýni ég

eina mynd á dag á fésbókar-síðu minni. Þá reyni ég að velja besta bitann úr safninu

með dagsetningu viðkom-andi dags.

Hvernig sérðu það fyrir sér

29 MAÍ - 3 JÚNÍ
 ★ Ísafjarðarbió ★
 Elsta samfelld starfandi bió á Íslandi
 DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísafjarðarbió stemtum.it.is

FRÁ LEIKSTJÓRANUM TODD PHILLIPS
 STÓRKOSTLEG ENDALOK Á
 "THE HANGOVER"
 ÞRÍLEIKNUM

MIDVIKUDAG 29. MAÍ KL. 8.
 FIMMTUDAG 30. MAÍ KL. 8.
 LAUGARDAG 1. JÚNÍ KL. 8.
 SUNNUDAG 2. JÚNÍ KL. 8.
 MÁNUDAG 3. JÚNÍ KL. 8.

FRÁ SNILLINGUNUM SEM GERÐU
 ÍSALDARMYNDIRNAR OG RIO

KEMUR
 STÓRMYNDIN
 EPIC

SÝND BÆDI Í 3D OG 2D (EKKI GLERAUGU)
 Laugardag 1. Júní kl 3. í 3D (Þrívídd) m/ Ísl Tali
 Sunnudag 2. Júní kl 2. í 2D (Venjuleg) m/ Ísl Tali
 Sunnudag 2. Júní kl 4. í 3D (Þrívídd) m/ Ísl Tali

ALL ROADS LEAD TO THIS
 FAST & FURIOUS 6
 SUMMER 2013

AUKASÝNING
 Á ÞESSARI ROSALEGU HASARMYND
 FÓSTUDAG 31. MAÍ KL 8





Þjónustuauglýsingar



Gámabjónusta
Vestfjarða ehf

3JA HÓLFA
FLOKKUNARILÁT

3x12 lítra fyrir
flokun innanhúss.

Sími: 456 3710
gamarvest.is



H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013



**Öll almenn
húsasmíði**

Bolungavík

☎ 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir

GLERBORG

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



**VERKSTÆÐI
STEFÁNS
ARNAR**

- ✓ Allar almennar bílaviðgerðir
- ✓ Rúðuskipti

Sindragata 10, 400 Ísafirði
Sími: 456 2310 / 869 6852

Finndu mig á [facebook](https://www.facebook.com/verkstedi)



Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðabjónusta
Smurbjónusta

Smáviðgerðir
Varahlutabjónusta

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

**Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580**



Suðurgötu 9

Þróast í framtíðinni?

Því miður hætti ég þessu fyrir nokkrum árum, því það

varð of mikið að gera við að teikna fyrir tekjum. En brauð „stritið“, þó ljúft sé, er ekki

endilega nóg til að halda andanum liðugum. Hver veit nema að ég byrji aftur?

Dagar Íslands

30. Júní 1974: Kvenlögregluþjónar tóku í fyrsta sinn þátt í löggæslu, en þennan dag var kosið til Alþingis.

1. Júlí 1931: Þýska loftskipið Graf Zeppelin kom til Reykjavíkur með póst og tók hér fyrsta flugpóstinn til útlanda.

1. Júlí 1958: Hámarkshraði bifreiða í þéttbýli var hækkadur úr 30 í 45 kílómetra á klukkustund, samkvæmt nýjum umferðarlögum, og utan þéttbýlis úr 60 í 70 kílómetra. Þá var bílprófsaldur lækkaður úr 18 árum í 17.

2. Júlí 1937: Einkasnekkja Adolfs Hitlers, Aviso Grille, kom til Reykjavíkur, að vísu án Hitlers.

3. Júlí 1954: Dregið var í fyrsta sinn í Happraætti DAS. Aðalvinningurinn var Chevrolet fólksbifreið, en vinningar máttu vera bifreiðar, bátar og búnaðarvélar.

3. Júlí 1986: Sjálfvirkt farsíma-kerfi var formlega tekið í notkun. Þá hafði verið komið upp þjónustustöðvum á svæðinu frá Vík í Mýrdal vestur um land til Vestfjarða.

4. Júlí 1973: Margrét Dana drottning og Hinrik prins komu í opinbera heimsókn til Íslands og dvöldu hér í fjóra daga.

5. Júlí 1933: Hópflug Ítala. Sveit 24 flugvéla hafði viðdvöl í Reykjavík á leið frá Róm til Chicago. Balbo flugmálaráðherra Ítalíu var foringi sveitarinnar. Nákvæmlega hálfri öld síðar kom ítölsk flugsveit til að minnast flugsins.

5. Júlí 1983: George Bush, þáverandi forseti Bandaríkjanna kom í opinbera heimsókn.

6. Júlí 1987: Sænska rokkhljómsveitin Europe hélt tónleika í Laugardalshöll í Reykjavík. Á sjötta þúsund ungmenna sóttu tónleikana.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðlæg átt og væta með köflum á suður- og vesturlandi, annars þurr. Hiti 7-12 stig.


Horfur á laugardag:

Vestlæg eða breytileg átt, yfirleitt hæg. Skýjað með köflum og stöku skúrir.

Horfur á sunnudag:

Útlit fyrir hæga suðlæga eða breytilega átt og víða léttskýjað og fremur hlýtt.

Krossgátan

			☺	1	2	3	4	5	6	7	8
			Jón Steingr.	Viðfeldin Apa	↘	Tala	Hnífur Fuglana Sveipa	↘	Eins um B	Veikar	↘
			⇒							↘	5
			Mjaka Maður			Ata Ódeili		8			
Rok	Ávöxtur Ánægð	Stikaðir Klafi								↓	
↘				Hald Skítur			✓	Eins Heiður			
Keyrði Þjóða bandalag	2					Upphr. Eins um 2 eins					
1000		Ark Eirðarlaus				1					
Átt		Uggað Án			Söngl Síðastur						Snemma
Spíra Kona Rugga				Fugl Fyrirbæn					Hljóta Trúarljóð Reiða		
↘			Komast Fimm		Talar Æfð			7			
↘						Bú- pening	Sund Á endum				
Heiður Metin Utan	✓		Nöf Bára Karlflugl								
↘		Vetni Greind	↘	4						↘	Svar
			Lærði							Ísl. st.	
Jaðar Aflaði Riða Tala Einstök	6				Átt Mjakaði		Flana Mjóður	✓	3		
					Kona Átt					Átt Sérhlj.	
↘											



Geirnaglinn ehf

Trésmíðaverkstæði
Strandgötu 7b
400 Ísafirði
Sími: Þórhallur 848 2087
Sími: Magnús 862 3122
www.geirnaglinn.is



HRADFRYSTIHÚSID-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær niðing sjávarauðlinda



Lausn á síðustu krossgátu

		Jón Steingr.	E		E	E					
			S	L	Á	T	R	A	R		
			V	E	G	M	Á	L	U	N	
			N		Á	Ð	U	R			
	↓		Ó	D	U	L	I	N	G		
Á	B	E	N	D	I	N	G		A	F	L
	E	I		Ó	L	G	A	N		R	A
M	I	Ð	A		L	A	R	A	N		U
	N		G	Á		N		G	A	U	M
	↓	V	A	N	D	A	L	A	U	S	
Á	L	Í	T	I	R		E		S	L	Á
	í	S		N		S	K	A	T	A	R
	N	A	F	N	S	K	I	K	K		I
	A		R		T	Á		K	E	N	G
	↓	B	Ó	L	I	N	U		R	A	E
T	Á	L	M	A	R		R	A	R	U	V
	↙	B	U	G	Ð	Ó	T	T	U	M	↘

Sudoku þrautir

2			8			9	3	
			4			6		2
1	3				6			
4				7			2	
7			1		9			3
	8			6				1
			2				7	6
9		2			3			
	4	3			1			8

4	8				3		2	9
2	9					5		1
				5				
		1	3		5			4
				6				
6			2		9	3		
				9				
1		8					4	3
9	5		4				6	2

NÁM MEÐ STARFI



“Viltu skapa þína eigin framtíð?”

Borgarholtsskóli býður upp á nýtt nám í nýsköpun fyrir þá sem vilja fara sínar eigin leiðir, stuðla að nýbreytni í verslun og þjónustu og ná tökum á helstu þáttum í rekstri fyrirtækja.

Námið fer aðallega fram í gegnum tölvur og Internetið.

TÖLVUR og FRUMKVÖÐLABRAUT



Nýsköpun
Upplýsingatækni
Rekstur og fjármál
Samskipti og markaðssetning

Tvær góðar saman

Innritun stendur yfir til 20. júní 2013 á bhs.is

Nánari upplýsingar veitir Þórkatla Þórisdóttir í síma 8561718 eða thorkatla@bhs.is



VERK VEST

Verkalýðsfélag Vestfirðinga sendir sjómönnum og öðrum Vestfirðingum bestu kveðjur í tilefni sjómanna dagsins.

SJÓMANNADAGURINN



BOLUNGARVÍK

2013



FÖSTUDAGURINN 31. MAÍ

16.00 Dorgkeppni fyrir krakka á öllum aldri, verðlaun fyrir ljótasta, flottasta, þyngsta, minnsta og skrýtnasta fiskinn!

18.00 Þorskurinn 2013 - Tónlistarhátíð í bakgarði Einarshúss.

00.00 Hljómsveitin Svartur biskup stígur á stóra sviðið í Kjallaranum í Einarshúsi og leikur fram á nótt.

LAUGARDAGURINN 1. JÚNÍ

Sædýrasýning - lifandi fiskar og furðuverur – allan daginn!
Sýning á sjóklæðum í Náttúrugripasafninu.

10.30 HÁTÍÐARSIGLING

VARÐSKIPIÐ ÞÓR leiðir hátíðarsiglingu, allir velkomnir.
Skipið verður til sýnis frá kl. **13:30 - 17:00***

12.00 Ilmandi **sjávarréttasúpa** og heimabakað brauð í boði Einarshúss, Kampa og Jakobs Valgeirs. Súpan verður í pottinum fram eftir degi. Leikhópurinn Lotta sýnir **Gilitrutt** í boði Bolungarvíkurhafnar. Andlitsmálun og sjómannaattú í boði Birnir hf.

13.00 Heiðursviðurkenning. Menningar- og ferðamálaráð og Verkalýðs- og sjómannafélagið veita Landhelgisgæslunni heiðursviðurkenningu.

13:15

Þuríðarsund í flotgalla í boði Blakknes ehf - Parakeppni.

Róðrakeppni á kajökum 8 - 14 ára.

Flekahlaupið vinsæla er í erfiðari kantinum þetta árið.

Kara/hindrunarhlaup 8 ára og yngri.

Línubeitning - hver er fljótastur?

Pokahlaup/naglakeppni

Kappróður – Nú skal tekið á því!

Belgjaslagur - hver þorir?

Sigling sexæringsins Ölvers

16.30 "Hugprúði Bolvíkingurinn". Leiksýning í Einarshúsi sem fjallar um Bjarna Bárðarson og frækilegt björgunarafræk hans. Aðgangseyrir 1000 krónur.

20.00 Hátíðarkvöldverður og dansiball í Félagsheimilinu. Herbert Guðmundsson og Hljómsveitin Kan halda uppi fjörinu. Veislustjóri: **Björn Bragi** úr Týndu kynslóðinni.

20:00 Hátíðarkvöldverður í Einarshúsi. Gestakokkur er Snorri Bogason Matreiðslumeistari.

SUNNUDAGURINN 2. JÚNÍ

13.30 Skrúðganga frá Brimbrjótnum

14.00 Hátíðarmessa

15.00 Kaffisala Kvinnadeildar slysavarnarfélagsins Landsbjargar í Bolungarvík og ljósmyndasýning um líf sjómanna í Félagsheimilinu.

17.00 Fótboltamót - sjómenn - úrvalslið knattspyrnuíðkennda.

*Dagskrá birt með fyrirvara um breytingar

Nánari upplýsingar á www.bolungarvik.is og Facebook síðunni Sjómanna dagurinn í Bolungarvík og í gegnum netfangið vidburdir@bolungarvik.is.

SJÓMANNADAGURINN ER HALDINN Í SAMSTARFI VIÐ BJÖRGUNARSVEITINA ERNI Í BOLUNGARVÍK

Sparisjóður Bolungarvíkur | Birnir hf | Fiskmarkaður Vestfjarða | Glaður ehf. | Endurskoðun Vestfjarða | Blakknes ehf. | Gunnar Leos Ís | Verkalýðsfélagið | Sjómannafélagið | Snjólfur ÍS | Páll Helgi ÍS | Rafverk AG | Siggí Bjartar ÍS | Vélvirkinn | Jakob Valgeir ehf. | Bolungarvíkurhöfn | JPB Kranar | Þotan | Bolungarvíkurkaupstaður